

Yfirlit frjómælinga í Garðabæ sumarið 2017

Frjómælingar hófust snemma í Garðabæ eða 16. mars og stóðu til 30. september, samtals í 199 daga. Frjókorn mældust frá 24 frjó- og grashópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 3112 frjó/m³ og er það nálægt meðaltali. Af þeim voru 1105 grasfrjó (35,5%), 1028 birkifrjó (33%), 54 súrufrjó (1,7%) og 71 asparfrjó (2,3%). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 854 (27,4%). Af þeim var fura/greni með tæplega 11% frjókorna og lyngfrjó með yfir 2%. Langalgengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

1.tafla. Frjó- og grógerðir í Garðabæ sumarið 2017, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ loftis
Gras	Poaceae	1105
Birki	<i>Betula</i>	1028
Fura / greni	Pinaceae	335
Lyng	Ericales	83
Ösp	<i>Populus</i>	71
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	54
Rósaætt	Rosaceae	38
Stör	<i>Carex</i>	32
Víðir	<i>Salix</i>	32
Barnamosi	<i>Sphagnum</i>	23
Elfting	<i>Equisetum</i>	21
Belgjurtir	Leguminosae	18
Elri (Ölur)	<i>Alnus</i>	13
Yllir	<i>Sambucus</i>	12
Beitilyng	<i>Calluna</i>	11
Netla	<i>Urtica</i>	9
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	7
Maðra	<i>Galium</i>	7
Fífill	Compositae Cichorideae	6
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	6
Sefætt	Juncaceae	6
Sóley	<i>Ranunculus</i>	5
Brjóstgras	<i>Thalictrum</i>	5
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	3
Óþekkt/ógreind	incognito	182

Fyrsta frjókornið kom í gildruna þann 17. mars. Það var ógreinanlegt og komu nokkur fleiri þannig í kjölfarið. Einungis tvö greinanleg frjókorn komu í gildruna í mars og voru það víði- og birkifrjó. Í apríl voru elrifrjó algengust en þó aðeins með frjótöluna 5 frjó/m³. Einnig greindust birki-, víði- og lyngfrjókorn.

Asparfrjó voru nær samfelld í lofti 6.–22. maí. Þau urðu fleiri en undanfarin sex ár, alls 71 frjó/m³. Hámark asparfrjóa var 17. maí þegar frjótalan náði 22 frjóum/m³.

Birkifrjó hafa ekki áður mælst fleiri í maí, alls 444 frjó/m³. Heildarfjöldinn fór í 1028 frjó/m³ sem er yfir meðaltali árána 2011–2016 (798 frjó/m³). Fyrir utan eitt birkifrjó í apríl mældust þau samfelld frá 17. maí til 12. júní eða í tæpar fjórar vikur en eftir það komu þau stopult fyrir. Hámark birkifrjóa var 1. júní þegar frjótalan fór upp í 284 frjó/m³.

Eitt grasfrjó mældist 31. maí. Þau mældust lítið fyrstu dagana í júní en frá 4. júní voru þau nær sleitulaust í


lofti fram í ágúst, en stopult í lok ágúst og í september. Síðasta grasfrjó mældist 26. september.

Mest var um grasfrjó í júlí, 436 frjó/m³. Fyrir utan þetta eina grasfrjó í maí voru þau fæst í september, 18 talsins. Í júní mældist 291 frjó/m³ og 359 frjó/m³ í ágúst. Þann 17. ágúst voru flest grasfrjókorn í lofti eða 82 frjó/m³. Frjótalan fór aldrei yfir 100 frjó/m³ þetta sumarið, og einungis þrisvar yfir 50 frjó/m³, tvisvar í júlí og einu sinni í ágúst. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 1105 frjó/m³ sem er aðeins undir meðaltali árána 2011–2016 (1457 frjó/m³).

Súrufrjó mældust fyrst 3. júní. Þau voru fá í sumar, einungis 54, og hafa þau aldrei mælst lægri síðan mælingar hófust í Garðabæ. Frjótalan fór hæst í 3 frjó/m³ nokkrum sinnum en annars voru þau eitt til tvö að mælast af og til allt sumarið, flest í júní og júlí.



Heildarfrjómagmagn í Garðabæ og skipting í helstu frjógerðir 2011–2017



1. mynd. Heildarfrjómagmagn og skipting í helstu frjógerðir í Garðabæ 2011–2017.

Sumarið 2017 í Garðabæ er aðeins undir meðallagi hvað varðar heildarfrjómagmagn og mældist svipað magn af gras- og birkifrjóum (1. mynd)

Frjóríkasti mánuður sumarsins var júní (1364 frjó/m³) en mars var sá rýrasti (9 frjó/m³) enda aðeins mælt frá 16. mars. Einnig var eins og oft áður lítið um frjókorn í apríl og september.

Í maí, júní og september mældust frjókorn yfir meðallagi, en í apríl, júlí og ágúst voru þau hins vegar undir meðallagi (2. tafla).

Þetta sumar voru að jafnaði rúmlega 15 frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts í Garðabæ og er það aðeins minna en í meðalári. Hæsta samanlögð frjótala mældist 1. júní (289 frjó/m³) en á þeim tíma voru birkifrjó í hámarki. Frjókorn mældust í lofti hvern dag frá 2. maí til 27. ágúst. Samfellt frjókornatímabil var svipað að lengd og í fyrra.

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands var meðalhiti undir meðallagi síðustu 10 ára í öllum mánuðum mælitímabilsins nema mars, maí og september. Úrkoma var undir meðallagi í öllum mánuðum nema apríl og maí. Þessar háu frjótölur yfir meðaltali maímánaðar skýrast því að einhverju leyti af háum hitatölum því þrátt fyrir úrkomumikið sumar var mikil frjódreifing þá maídaga sem þurr var.

2. tafla. Fjöldi frjókorna í Garðabæ sumarið 2017 og meðaltal árunna 2011–2016.

Mánuður	2017	Meðaltal
Mars	9	
Apríl	15	30
Maí	643	270
Júní	1364	1351
Júlí	569	949
Ágúst	458	509
September	54	51
Samtals	3112	3222

Í október 2017
Ellý Guðjohnsen

